



Egilsstaðaskóli



Val í 8. – 10. bekk



Kynning á námskeiðum á 1. tímabili
8. september – 12. nóvember



Hluti af námstíma nemenda á elsta stigi á að vera val

Val er kennt á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13.50 – 15.10.

Það er **skylda að mæta** í val eins og aðrar kennslustundir.

Í öllum valnámskeiðum er **námsmat** eins og í öðrum námsgreinum sem er birt á vitnisburðablaði nemenda að vori.

Það sem er í boði:



Þriðjudagsval

13.50 – 15.10

Árshátíð – leikur / söngur / dans / svið- og tæknifólk

Árshátíð – Sviðsmynd

Skólahreysti

Heimilisfræði - Norðurlöndin

Motturgerð - textíll

Nemendaráð

Fimmtudagsval

13.50 – 15.10

Árshátíð – leikur / söngur / dans / svið- og tæknifólk

Heimilisfræði - Norðurlöndin

Lego (Lego First League)

Kvikmyndir

Golf og píla

Priodjudagar

Árshátíð – Mamma mia

Á hverjum vetri er sett upp leiksýning, sem nemendur í 8. – 10. bekk taka þátt í. Í ár verður söngleikurinn **Mamma Mia!** settur á svið.

Til að söngleikur geti orðið að veruleika þarf leikara og leikkonur í aðal- og aukahlutverk, söngvara og söngkonur, fólk til að semja dansa og dansara. Það verður nóg að gera hjá okkur strax frá upphafi en þegar búið verður að skipa í hlutverk munum við æfa af krafti þar til kemur að sýningunni sjálfri, þann 12. nóvember.

Ef þú hefur áhuga á að blómstra á sviðinu skaltu endilega taka þátt í gleðinni sem fylgir því að setja upp söngleik!

Markmið:

- Nemandi getur sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum og hvatt aðra til viðeigandi hegðunar
- Nemandi getur túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.
- Samhæft tónlist, takt og hreyfingu með góðri líkamsvitund og dansað mismunandi dansform.
- Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi.

Námsmat

Hæfniviðmið í námslotu í Mentor og þátttaka.
Hæfnieinkunn A-D

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum tekur þátt í sýningunni.

Umsjón: Hrefna Hlín Sigurðardóttir
Staður: Víða



Þeir sem vilja leika í sýningunni og/eða syngja velja árshátíðarval –leikur, bæði í þriðjudags- og fimmtudagsvali.

Árshátíð - sviðsmynd



Í þessum valáfanga **hönnum við og smíðum sviðsmyndina** sem verður á árshátíðinni. Nemendum er skipt niður í hóp og síðan vinna þau saman að því að hanna sviðsmynd. Þegar hóparnir hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu með bestu útfærsluna, velur hver nemandi fyrir sig hvort hann vill smíða, mála eða bæði.

Markmið er að nemendur...v

- Noti sköpunarkrafta sína í að hanna sviðsmynd.
- Læri hvað felst í sviðshönnun.
- Læra að vinna saman í hóp að sameiginlegu markmiði.
- Læri að smíða módel af sviðsmynd.

Hóparnir komast að niðurstöðu og setja upp eitt módel eins og við viljum hafa sviðið, skiptum niður verkum hver gerir hvað.

Námsmat: Virkni í tímum.

Vinna:

Innlögn, samræður og þælingar, hvað felur í sér að gera sviðsmynd? Hvað þarf að hafa í huga eins og þema og innihald leikritsins? Við þælum m.a. í litum, boðskap og hvaða stemmningu við viljum ná fram. Við skoðum dæmi um uppsetningar á sviðsmyndum á veraldarvefnum

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa og smíðastofa



Textílmennt - mottur

Markmið:

- Að nemendur geta beitt nokkrum aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu
- Að nemendur efli sjálfstæð vinnubrögð og geti gert grein fyrir vinnu sinni.
- Að nemendur eflist í samvinnu og að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra.
- Að nemendur nýti endurunnin efni í textílvinnu.
- Að nemendur geri grein fyrir endurnýtingu og setji í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd.

Viðfangsefni:

Við ætlum að gera mottur úr endurnýtanlegum textíl. Hægt er að gera nokkarar mismunandi útgáfur:

- ❖ Sauma í saumavél
- ❖ Vefa í vefsól
- ❖ Flétta
- ❖ Hekla
- ❖ Binda eða hnýta

Nemendur undirbúa efniviðin sem þeir ætla að vinna úr og vinna sína mottun eftir þeirri aðferð sem þeir kjósa.

Námsmat:


Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur nýti tímana vel og sýni frumkvæði og vönduð vinnubrögð.

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Staður: Textílmenntastofa



Heimilisfræði – Norðurlöndin



Fjölbreyttur og spennandi valáfangi þar sem fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklega kennslu. Áherslan verður á matreiðslu og bakstur frá Norðurlöndunum.

Markmið er að nemendur...

- Kynnist matreiðslu og hráefnum annarra landa.
- Tileinki sér hreinlæti og góð vinnubrögð.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat og hæfniviðmið:

- sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum,
- beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsahöld og borið ábyrgð á viðeigandi frágangi
- tileinkað sér og skilið mikilvægi hreinlætis og þrifa tengdu matreiðslu og eldhúsi



Kennarar: **Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir** og Irma Gná Jakobsdóttir

Staður: Heimilisfræðistofa

Skólahreysti



Í Skólahreystivali fer fram undirbúningur fyrir þátttöku í Skólahreysti og almenn hreystipjálfun.

Nemendur í 8. – 10. bekk geta valið námskeiðið en aðeins þeir sem eru í 9. og 10. bekk geta tekið þátt í keppninni sem er haldin í vor. Keppnisliðið verður valið síðar í vetur.

Undirbúningur felst í æfingum í þeim greinum sem er keppt í og auk þess styrktarpjálfun.

Námsmat: Virkni í tímum

Tími: kl. 14.00 – 15.00

Umsjón: **Adam Eiður Ásgeirsson**

Staður: Austur, Lyngási





Nemendaráð



Valið gildir til vors og þeir sem veljast til setu í Nemendaráði eru í ráðinu til vors.

Verkefni nemendaráðs snýr að skipulagningu á félagsstarfi nemenda á unglingastigi.

Hluti af valinu fer fram í kringum stærri viðburði eins og jólaskemmtanir, árshátíðir, þorablót ásamt öðrum mögulegum viðburðum sem nemendaráð vill koma á laggirnar.

Í Nemendaráði sitja fulltrúar 8. – 10. bekk, 4 einstaklingar úr hverjum árgangi. Þeir sem hafa áhuga á að vera í Nemendaráði merkja við það á valblaði og ef fleiri en 4 í árgangi við eru dregin út nöfn þeirra sem verða í ráðinu.

Fundartími nemendaráðs er í val tímum en vinnan getur þurft að fara fram utan þess tíma t.d. við undirbúning skemmtana.

Annað sem nemendaráð kemur til með að skipuleggja og framkvæma:

Koma með tillögur að og skipuleggja afþreyingu fyrir nemendur í frímínútum og hádegi.

Skipuleggja leiki og uppákomur einu sinni í viku í matsal eða úti – í fyrri frímínútum. Það gæti verið spurningarkeppni, bingó, Olsen Olsen keppni, hver er lengst í planka, boðhlaup, Asni....

Fastir viðburðir (jólaskemmtun / þorablót): Þar þarf að skreyta, leggja á borð, skipuleggja skemmtiatriði, þ.e. allt sem viðkemur viðburðum.

Umsjón: Bylgja Borgþórsdóttir

Staður: Auglýst á töflu á elsta-stigs gangi




Fimmtudagar

Árshátíð – leikur / söngur / dans



Heimilisfræði – Norðurlöndin



Fjölbreyttur og spennandi valáfangi þar sem fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklega kennslu. Áherslan verður á matreiðslu og bakstur frá Norðurlöndunum.

Markmið er að nemendur...

- Kynnist matreiðslu og hráefnum annarra landa.
- Tileinki sér hreinlæti og góð vinnubrögð.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat og hæfniviðmið:

- sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum,
- beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld og borið ábyrgð á viðeigandi frágangi
- tileinkað sér og skilið mikilvægi hreinlætis og þrifa tengdu matreiðslu og eldhúsi



Kennarar: Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir og **Irma Gná Jakobsdóttir**

Staður: Heimilisfræðistofa

Kvikmyndaval



Í kvikmyndavali horfa nemendur á þrjár kvikmyndir og vinna verkefni út frá hverri mynd. Áhersla er á að nemendur þjálfist í að greina persónur, söguþráð og uppbyggingu kvikmynda ásamt því að mynda sér skoðun og færa rök fyrir henni.

Nemendur vinna þrjú verkefni:

- Persónulýsing: Nemendur velja persónu úr kvikmyndinni og lýsa henni, eiginleikum hennar, samskiptum og þróun í gegnum söguna.
- Gagnrýni: Nemendur skrifa gagnrýni um kvikmyndina þar sem þeir fjalla meðal annars um sögu, persónur, leik, uppbyggingu og eigin upplifun og rökstyðja skoðun sína.
- Söguþráðarverkefni: Nemendur greina söguþráð kvikmyndar, helstu atburði, persónur, átök og vendipunkta og skoða hvernig sagan þróast frá upphafi til enda.

Hæfniviðmið / lykilhæfni

Nemandi:

- · Getur greint og túlkað efni kvikmynda og tekið afstöðu til þess á gagnrýninn hátt.
- · Getur tjáð eigin skoðanir og hugmyndir og fært rök fyrir þeim.
- · Getur greint persónur, söguþráð og uppbyggingu frásagnar og nýtt viðeigandi hugtök við umfjöllun.
- · Getur skrifað skýran og vel uppbyggðan texta þar sem hugmyndir og rök eru sett fram í rökréttu samhengi.

Námsmat: Verkefni nemenda og virkni í umræðum og vinnu metin.

Kennari: Embla Eir Björgvinsdóttir



Golf og píla

Þátttakendur taka æfingar í golfhermi og auk þess verða æfingar í pílu.

Markmið:

Að nemendur læri grunnreglur í pílukasti og golfi.

Að nemendur þjálfist í að vinna í hópi, taka tillit til annarra og virða reglur.

Námsmat: Metin er þátttaka og virkni í tímunum, ásamt markmiðum lykilhæfni.

Umsjón: Friðrik Bjartur Magnússon

Staður: Kaupvangur 2, gamla Landstólpahúsið



Lego – First Lego League

First Lego League Challenge, sem er fyrir ungmenni á aldrinum 10-16 ára, hefur verið haldin af **Háskóla Íslands síðan árið 2005.**

Í hverju liði eru 4-10 liðsmenn og a.m.k. einn fullorðinn leiðbeinandi.

Hvert lið:

- hannar og forritar LEGOþjark (vélmenni) sem leysir þrautir ársins í vélmennakapphlaupi.
- tekur þátt í nýsköpunarverkefni með því að kanna og leysa raunveruleg vandamál sem tengjast viðfangsefni (þema) hvers árs.
- byggir upp góðan liðsanda og keppnisanda.

Í FLL er unnið þverfaglega og keppninni má skipta upp í eftirfarandi áherslupætti:

- forritun og hönnun
- nýsköpunarverkefni
- miðlun – kynning og básagerð
- Liðsheild

Kennari: Jón Magnússon
Staðsetning kynnt síðar



Viðfangsefni keppninnar í ár tengjast líffræðilegri fjölbreytni, vistkerfum og hvernig vísindi, tækni, verkfræði, stærðfræði, samvinna og sköpun geta hjálpað okkur að skilja og vernda náttúruna.



Lego – val er undirbúningur fyrir keppni í First Lego League, sem haldin er í Reykjavík í nóvember.

Utanskólaval

Hvað	Ef ég æfi íþróttir eða annað í ...	...get ég fengið utanskólaval annaðhvort á þriðjudegi eða fimmtudegi
Íþróttaæfingar, tónlistarnám, sjálfbóðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfbóðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum eða fimmtudögum - ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar & forsjáraðilar munu fá póst þar sem þeir eru beðnir um að staðfesta utanskólaval barnsins þegar liggur fyrir hverjir hafa óskað eftir utanskólavali.